Ed. **29. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Fyrir „3 ár“ í ákvæði til bráðabirgða komi: 6 ár.

2. gr

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lög þau voru sett, er að ofan greinir, var á það fallizt, að innlend vátryggingarfélög, er starfað hefðu 50 ár eða lengur þegar lögin öðluðust gildi, skyldu undanþegin skyldutryggingu með sérstöku skilyrði í 3 ár.

Hér er farið fram á, að þessi tími sé framlengdur, svo sem segir í frv., enda eru þær sömu ástæður fyrir hendi nú. er voru þegar umrætt bráðabirgðaákvæði var sett í lögin.

Nánar í framsögu.